

# STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1995

---

3. apríl 1995

249

Nr. 74

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 3. apríl 1995.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

23. apríl 1995

Nr. 75

## AUGLÝSING

**um staðfesting forsetaúrskurðar um skipting starfa ráðherra.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga og reglugerða um Stjórnarráð Íslands, gefið út svohljóðandi úrskurð um skipting starfa ráðherra:

Davíð Oddsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Halldór Ásgrímsson fer með utanríkisráðuneytið.

Björn Bjarnason fer með menntamálaráðuneytið.

Finnur Ingólfsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Friðrik Sophusson fer með fjármálaráðuneytið.

Guðmundur Bjarnason fer með landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

Halldór Blöndal fer með samgönguráðuneytið.

Ingibjörg Pálmadóttir fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Páll Pétursson fer með félagsmálaráðuneytið.

Þorsteinn Pálsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytið, 23. apríl 1995.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*